

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar nr. 252/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 62. gr. samþykktarinnar:

- a. 1. mgr. B-liðar I. kafla um barnaverndarnefnd fellur brott og uppfærast málsgreinar sem á eftir koma í samræmi við það.
- b. 2. mgr. B-liðar I. kafla, (áður 3. mgr.) orðast svo:
Félagsmálanefnd. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd. Nefndin mótar stefnu sveitarfélagsins í velferðarþjónustu s.s. félags- og öldrunarmálum, málefnum fatlaðs fólks og í jafnréttismálum. Nefndin fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
- c. Við II. kafla 62. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Umdæmisráð barnaverndar: Fjarðabyggð stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar ásamt öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, en bæjarstjórn skipar í ráðið skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar.
- d. Við II. kafla 62. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu milli Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, sbr. auglýsingu nr. [] fer Fjarðabyggð með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

2. gr.

J-liður viðauka 1.1. við samþykktina fellur brott og uppfærast starfliðir sem á eftir koma í samræmi við það.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 1.8.:

- a. Hvar sem orðið „sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarhlutfalli: Skipulags- og umhverfisfulltrúi.
- b. 2. mgr. 2. gr. viðauka 1.8. orðast svo:
Skipulags- og umhverfisfulltrúi afgreiðir endurnýjun áður útgefinna lóðarleigusamninga án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar. Afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar undir liðnum: Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Fjarðarbyggðar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 5. júlí 2023.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.